

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Leikskóla

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rlg. nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfið gildir fyrir leikskóla.	941/2002	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun húsnæðisins. Starfsleyfi leikskóla tekur til húsnæðis og lóðar.	941/2002 14.gr. 942/2002	
1.3 Þess skal gætt við staðsetningu leikskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34.gr.	
1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði	941/2002 7.gr.	
1.5 Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar um hollustuhætti eins og nánar er tilgreint í skilyrðum þessum.	941/2002 11.gr. og 36.gr.	
1.6 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn	941/2002 14. gr.	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3 Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 37.gr.	
2.4 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.	941/2002	

		37.gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægjanlegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.6	Um fjölda salerna fer skv. byggingarreglugerð.	941/2002 37.gr.	
2.7	Lágmarksaðstaða barna í leikskólum skal vera í samræmi við reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla .	941/2002 37.gr. 655/2009 6.gr	
2.8	Í leikskólum skulu salerni og handlaugar vera við hæfi barna. Auk þess skal þar vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur.	941/2002 39.gr. 655/2009 5.gt.	
2.9	Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum, með góðu aðgengi að handlaug. Þar skal vera fljótandi sápa, gerileyðir og einnota handþurrkur.	941/2002 39.gr. 655/2009 5.gt.	

3. HÁVAÐI

Rlg.nr. Uppfyllt

3.1	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða. Gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum.	724/2008 7.gr.	
-----	---	-------------------	--

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

Rlg.nr. Uppfyllt

4.1	Í leikskólum skal vera skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði (þ.m.t. leikföng, dýnur, rúmföt, teppi, o.fl.) þar sem fram kemur hversu oft á að þrífa og hvaða efni á að nota til þrífa	941/2002 Gr. 11, 14, 34 og 36	
4.2	Í leikskólum skulu fara fram dagleg þrif. Alsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 Gr.11 og 14	
4.3	Gólfefni og annar frágangur húsnaðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr.11 og 14	
4.4	Loftræsikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók fyrir vélrænt loftræsikerfi eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 gr.11 og 14	
4.5	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnaðið eða lóð. Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í skóla í afmarkaðan tíma enda komi það fram í starfsleyfi eða gefið út einstakt	941/2002 19.gr og fylgiskjal 3.	

leyfi fyrir sérstakar heimsóknir. Þó er fötluðum einstaklingum heimilt að hafa með sér hjálparhund		
4.6 Tóbaksreykingar eru bannaðar í leikskólum, bæði í húsnæði og á lóð.	Lög nr. 6/2002	

5. MATVÆLI

	Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1 Fara skal að ákvæðum matvælareglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.	Rlg 103/2010 og 852/2004	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

	Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1 Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.	941/2002 37.gr	
6.2 Setja skal starfsreglur sem miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysvarnir.	941/2002 37.gr	
6.3 Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leikvallatækjum, leiksvæðum og búnaði	942/2002 12.gr.	
6.4 Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns, þannig að vatnshiti á töppunarstað fari ekki yfir 38 í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
6.5 Leikskólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í leikskólanum á þar til gerð eyðublöð.	941/2002 11. og 36.gr. 942/2002 12.gr.	

7. LEIKFÖNG

7.1 Leikföng skulu vera CE- merkt og hæfa aldri barna. Notuð raftæki eru ekki leikföng og ætti ekki að nota sem slík þar sem þau geta innihaldið varasöm efni.	941/2002 35. gr.	
7.2 Litir og föndurefnir mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir um merkingar og innihald.	941/2035. gr.	
7.3 Leikföng skal yfirfara og þrífa reglulega samkvæmt skriflegrí	941/2002 35. gr., 36.	

hreinlætisáætlun.	gr.	
-------------------	-----	--

8. LEIKSKÓLALÓÐ, LEIKVALLATÆKI OG LEIKSVÆÐI

	Rlg.nr.	Uppfyllt
8.1 Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.		
8.2 Leikvallatæki, undirlag og annar búnaður skulu uppfylla ÍST-EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I og IV.	942/2002 viðauki I og IV	
8.3 Innra eftirlit skal vera í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	942/2002 12.gr.	
8.4 Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Skráningar á innra eftirliti sem og afrit af skýrslum um aðalskoðun skal vera til staðar í starfstöð og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeim. Tilgreina skal til hvaða úrbóta skal grípa til þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðar og hvenær úrbótum er lokið. Sjá dæmi um rekstrarskoðun á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhættir/ReglulegSkodunLeikvalla.pdf	942/2002 Viðauki III	
8.5 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Sjá kafla 3.8 í Öryggisvísi leiksvæða á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhættir/oryggisvisir_2004.pdf	942/2002 7.gr.	
8.6 Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.	942/2002 Viðauki II	
8.7 Leikskólalóðir skulu vera afgirtar. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.	941/2002 38.gr.	
8.8 Lýsing á lóð skal vera góð.	942/2002 6.gr.	

9 UMHVERFISMÁL

	Rlg.nr.	Uppfyllt
9.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið	941/2002 34.gr	
9.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003, 12.gr.	

9.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög nr. 61/2013 og rlg	
9.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.p.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru	941/2002 14. gr.	
9.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
 Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
 Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
 Reglugerð 724/2008 um hávaða
 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
 Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. [169/2002](#),
 Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
 Lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem byggja á þeim
 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
 Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
 Reglugerð nr. 655/2009 um starfumhverfi leikskóla
 Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og og skólalóða,
 Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

85100 Fræðslustarfsemi á leikskólastigi

Reykjavík 19.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir